

Nd.

44. Frumvarp

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Á 2. gr. vegalaga, nr. 41, 4. júní 1924, er gerð þessi breyting:

Við B.

Á eftir tölulið 2 komi nýir liðir:

- a. Vegur frá Hvitárbrú vestan Hafnarfjalls að Akranesi, og vegur af þeim vegi á þjóðveginn hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd.
- b. Vegur frá Kláffossbrú um Reykholtsdal og Hálsasveit að Húsafelli.
- c. Lundarreykjadalvegur, frá Götuási á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.

Greinargerð.

Þær breytingar á vegalögnum, sem hér um ræðir, lágu fyrir síðasta þingi. Breytingarnar, sem felast í a- og b-lið, voru ásamt nokkrum öðrum breytingum á vegalögnum samþ. í Ed. Læt ég hér með fylgja ummæli vegamálastjóra, þau sem hann sendi samgöngumálanefnd Ed. um breytingar á a- og b-lið. Hann segir svo:

„Þar sem nú er sýnt, að aðalleið milli Borgarfjarðar og Reykjavíkur mun liggja inn fyrir Hvalfjörð og að sú leið muni með tímanum fá þær umbætur, að bilfær verði einnig á vetrum, þá er eðlilegt framhald þess vegar út með Hvalfirði norðanverðum, vestan Hafnarfjalls nálægt Hvanneyri að Hvitárbrú. Þætti mér því eðlilegt, að leið þessi öll, að því leyti sem hún er ekki þjóðvegur, eða frá Ferstiklu að Hvitárbrú, verði tekin í þjóðvegatölu, og væri þá í samræmi við aðrar álmur til kaupúnanna, að tekin væri einnig í þjóðvegatölu álman af þessari aðalbraut um Skilmannahrepp út á Akranes. Er þessi breyting öllu viðtækari en a-liður á þingskjali 72.

Með því að Kaldidalur er nú orðinn mjög fjölfarinn á sumrin, er sýsluvegurinn um Reykholtsdal orðinn alfaraleið milli landsfjórðunga, og sýnt, að svo muni verða í framtíð. Þykir mér því eðlilegt að taka hann í þjóðvegatölu“.

Hefi ég engu við það að bæta, sem vegamálastjóri segir um þessa 2 fyrri liði breytingartillagnanna. Um c-liðinn er það að segja, að breytingartillaga samhljóða honum var borin fram í Nd. á síðasta þingi, en breytingartillögur þær, er þar komu fram við frv., komu ekki til atkvæða.

Undanfarin ár hefir óslitið verið unnið að vegalagningu fram Lundarreykjadal. Í fremri hluta dalsins er ruddur akvegur fram undir Gilstreymi. Eftir er að leggja veg á nokkrum kafla um miðbik dalsins. Samkvæmt rannsókn, sem á því hefir verið gerð að tilhlutun vegamálastjórnarinnar, hefir komið í ljós, að með tiltölulega litlum kostnaði er hægt að gera akfært yfir Uxahryggi á Kaldadalsveginn. Með því að gera þessa leið akfæra er í verulegum mæli greitt fyrir samgöngum milli Norður- og Vesturlands og Reykjavíkur, því um Uxahryggi er skemmst landleið úr Borgarfirðinum suður á bóginn.